

Mánudaginn 21. ágúst 1995 kl. 16:00

60. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 26/1995

**Samræmt afsláttartilboð Klasa hf.  
og apóteka sem hlut eiga í Klasa**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Klasi hf. er sameiginlegt dreifingarfyrtæki allra apóteka í landinu utan fjögurra. Málafni félagsins og móðurfyrirtækis þess, Sveips hf., hafa nýverið verið til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirlingum, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Dagana 8.–10. júní sl. var auglýsinga- og kynningarritinu „*Apótekinu*“ dreift á heimili landsmanna auk þess sem það liggur frammi í velflestum apótekum. Á forsíðu og baksíðu kynningarritsins er rækilega gerð grein fyrir 20% „*sumarafslætti apótekanna*“. Á innsíðum eru fyrst og fremst kynntar ýmsar snyrti- og hreinlætisvörur en þar er einnig að finna tilboð um 20% afslátt af einstökum vörum. Á baksíðu er að finna eftirfarandi setningu: „*Apótekið er gefið út af Klasa hf., dreifingarfyrtæki apótekanna í júní 1995*“.

**2.**

Samkeppnisstofnun hefur ákveðið að taka mál þetta upp að eigin frumkvæði. Að auki hefur borist óformleg kvörtun frá einu apótekanna sem standa utan Sveips og Klasa.

Þegar athygli Samkeppnisstofnunar hafði verið vakin á kynningarritinu og að í því væri tilkynning um samræmdan 20% smásöluafslátt apóteka á tilteknum vörum hafði stjórnarformaður Klasa samband við stofnunina. Lýsti hann því að apótekunum hefði verið tilkynnt að þau skyldu veita 20% afslátt á verði tiltekinna vörutegunda sem Klasi dreifir. Skömmu síðar kom framkvæmdastjóri Klasa til fundar hjá Samkeppnisstofnun og staðfesti hann að apótekin fengju 15% afslátt af fyrra verði hjá á tilteknum vörum

hjá Klasa, afslátt sem umboðsmenn viðkomandi vörutegunda veittu, og sjálf skyldu þau veita 5% afslátt til viðbótar.

Athygli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Klasa var vakin á því að samráð apótekanna um afslátt og athafnir Klasa í því sambandi kynnu að brjóta í bága við bannákvæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga.

### 3.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 15. júní 1995, sem sent var til allra apóteka á landinu, auk Klasa hf., var þessum aðilum formlega gerð grein fyrir að samkeppnisyfirvöld hefðu til skoðunar samræmt afsláttartilboð apóteka og Klasa hf. Í bréfinu sagði einnig að málið væri til meðferðar með hliðsjón af IV. kafla samkeppnislaga, sbr. XIII kafla sömu laga. Klasa hf. og apótekunum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum af þessu tilefni.

### 4.

Í bréfi Patreks Apóteks, dags. 22. júní sl., er vísað til bréfs Samkeppnis-stofnunar og upplýst „að undirritaður er hluthafi í Klasa h.f., en í Patreks Apóteki eru engin afsláttartilboð í gangi, sem rekja mega til þessa kynningarbæklings. Margar vörutegundir, sem kynntar eru í bæklingnum eru ekki til hjá okkur. Ekkert samráð var haft við Patreks Apótek um þessa afslætti eða um tilurð þessa bæklings og frétti ég ekkert af þessu fyrr en bæklingurinn barst hingað. Engin verð eru heldur uppgefinn í bæklingnum.“

### 5.

Í bréfi Borgarnessapóteks, dags. 21. júní sl., segir orðrétt: „Þessi afsláttur og auglýsingar eru algerlega frá Klasa h.f. komnar. Ég hef ekki verið spurður um þetta né veitt samþykki mitt, né haft samráð við Klasa h.f. um þetta mál. Þetta er auglýsing sem Klasi h.f. hefur gert algerlega á sína ábyrgð.“

### 6.

Klasi og 35 apótek, sem að sögn Klasa höfðu falið félaginu að koma athugasemdum sínum á framfæri, gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum með bréfi, dags. 22. júní sl. Í bréfi Klasa segir m.a.: „Í kynningarritinu „Apótekinu“ sem dreift var í almennri dreifingu á heimili í landinu voru kynntar þær helstu vörur sem Klasi hf. annast innkaup á og seldar eru í þeim apótekum sem eru í viðskiptum við Klasa hf. Sem liður í þessu kynningarátaki var að þau apótek sem selja þessar vörur bjóða fjórtán vörur með sérstökum sumarafslætti sem er 20%, en af því leiðir þó ekki að endanlegt

*smásöluverð varanna sé alls staðar það sama því smásöluverð er frjálst og háð ákvörðun hvers apóteks.“*

Þá segir að við gerð og efnisval kynningarritsins hafi meðal annars verið litið til þess hvernig önnur fyrirtæki sem hafa með sér samvinnu um innkaup hafa staðið að sambærilegum kynningum og auglýsingum. Nefnd eru nokkur dæmi um slíkt samstarf þar sem verslanir hafi sameinast um að auglýsa að fá megi ákveðnar vörur á tilteknu verði. Því næst segir í bréfi Klasa: „Í ljósi þessarar framkvæmdar, sem ekki var vitað að hefði sætt athugasemdum af hálfu samkeppnisyfirvalda, og þess að afsláttartilboð á þeim fjórtán vörutegundum sem tilgreindar eru í kynningarritinu „Apótekinu“ hefur aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða, töldu Klasi hf. og apótekin sem í hlut eiga sér heimilt að ákveða og kynna sumarafsláttartilboðið með þessum samræmda hætti.“

Klasi og apótekin færa nánari rök fyrir afstöðu sinni og benda m.a. á eftirfarandi:

– Að samkeppnisyfirvöldum beri að gæta þess að fyrirtækjum sé ekki mismunað við framkvæmd samkeppnislaga og beitingu þeirra úrræða á grundvelli samkeppnislaga, sbr. jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga. Af hálfu Klasa hf. og apótekanna er gerð sú krafa að samkeppnisyfirvöld dragi til baka þá sérstöku skoðun á sumarafsláttartilboði apótekanna nema slíkt sé liður í heildarskoðun á hliðstæðum tilvikum og komi til afgreiðslu í sama máli. Þess er einnig krafist að fallist samkeppnis- yfirvöld ekki á fyrrgreinda kröfu geri samkeppnisyfirvöld sérstaka grein fyrir því hvers vegna þau hafi hafið skoðun á sumarafslætti apótekanna en láti önnur hliðstæð tilvik afskiptalaus. Þá er þess óskað að Klasi hf. og apótekin fái að tjá sig um þær skýringar samkeppnisyfirvalda áður en málið kemur til endanlegrar úrlausnar.

– Klasi og apótekin benda á að þær vörur sem sumartilboðið tekur til séu allt vörur úr vöruflokkum sem seldir eru í öðrum verslunum, t.d. matvöruverslunum, og markaðshlutdeild apótekanna sé því alls ekki afgerandi. Það er því afstaða Klasa hf. og þeirra apóteka sem í hlut eiga, að hér eigi við undanþáguheimild 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga, sérstaklega lokaorð ákvæðisins um að það sé ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja, ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein. Apótekin séu hvert um sig lítil fyrirtæki sem eigi í harðri samkeppni um sölu á þeim vörum sem tilboðið tekur til, sérstaklega stórmarkaði sem geta boðið hagstætt verð á þessum vörum vegna magninnkaupa.

Að lokum segir í bréfi Klasa og apótekanna: „Af hálfu Klasa hf. og apótekanna var litið svo á að með hliðsjón af orðalagi 13. gr. væri það háð mati viðkomandi fyrirtækja hvort þau litu svo á að þeim væri heimil samvinna um slíkan afslátt á grundvelli ákvæðis 13. gr. Það væri undir þeim komið hvort þau óskuðu eftir að fá skýra afstöðu Samkeppnisstofnunar til þess hvort samvinna þeirra félli undir ákvæði 1. mgr. eða ekki. Sé það hins vegar afstaða Samkeppnisstofnunar að sérstök umsókn sé skilyrði þess að fyrirtæki geti notið þeirrar heimildar sem 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga veitir, ber að líta svo á að bréf þetta feli í sér slíka tilkynningu.“

## 7.

Eitt þeirra apóteka sem tilgreind eru á lista þeim sem fylgdi bréfi Klasa, dags. 22. júní, sendi Samkeppnisstofnun milliliðalaust bréf með sömu dagsetningu, þar sem fram kemur að ekkert afsláttartilboð hafi verið í gangi og ekkert samráð hafi verið haft við apótekið um afslætti eða tilurð kynningarritsins „Apóteksins“. Af þessu tilefni ritaði Samkeppnisstofnun Klasa bréf, dags. 23. júní sl., og krafði Klasa um afrit þeirra umboða sem gera mátti ráð fyrir að væru til staðar. Jafnframt óskaði Samkeppnisstofnun eftir staðfestingu Klasa á þeim skilningi stofnunarinnar að öll apótek sem tilgreind voru á listanum sem fylgdi bréfi Klasa bjóði afsláttarkjörin á því tímabili sem tilboðið tekur til.

Svar Klasa, dags. 23. júní 1995, er svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs yðar dags. 23. júní 1993 þar sem krafist er afrits umboða frá apótekum þeim sem fólu undirrituðum að koma á framfæri athugasemdum sínum.

Umboðin eru munnleg, voru ekki hljóðrituð og því ekki hægt að verða við kröfu yðar um afrit. Varðandi ósk um staðfestingu á að apótekin bjóði umræddan afslátt á því tímabili sem tilboðið tekur til er yður bent á að leita verður þeirrar staðfestingar hjá apótekunum sjálfum.“

## 8.

Með bréfi, dags. 20. júlí 1995, ritaði Samkeppnisstofnun Klasa bréf þar sem óskað var eftir sundurliðuðum upplýsingum um sölu fyrirtækisins á þeim vörutegundum sem auglýst sumartilboð apótekanna tekur til. Óskað var eftir upplýsingum um heildarsölu Klasa á umræddum vörum, sundurliðaða eftir apótekum frá 1. maí sl. Jafnramt var óskað afrita af sölunótum Klasa vegna ofangreindra viðskipta. Með bréfi, dags. 31. júlí, ítrekaði Samkeppnisstofnun beiðni sína um upplýsingar og krafðist þeirra án ástæðulauss dráttar. Vakin var sérstök athygli á að bærisk ekki fullnægjandi svar fyrir

föstudaginn 4. ágúst kynni aðgerðarleysi Klasa að vera skýrt félaginu og hluthöfum þess í óhag, kæmi til þess að gripið yrði til sekta á grundvelli XIII. kafla samkeppnislaga. Hluthafar í Klasa fengu bréfið sent í afriti. Samkeppnisstofnun bárust umbeðin gögn miðvikudaginn 9. ágúst sl.

## 9.

Í júní 1994 barst samkeppnisyfirvöldum kvörtun frá Heildverslun T.H. Arasyni vegna dreifibréfs sem Klasi hafði sent til apótekara. Í dreifibréfinu var að finna hvatningar til hluthafa Klasa um að taka ekki í sölu tilteknar vörur sem T.H. Arason flytur inn. Með ákvörðun nr. 17/1995 frá 26. apríl sl., komst Samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að með dreifibréfi Klasa til hluthafa sinna hefði félagið brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Af þeim sökum lagði ráðið bann við hvers kyns afskiptum Sveips eða Klasa af sölu apóteka á öðrum vörum en þeim sem Klasi dreifir.

Við ofangreinda athugun samkeppnisyfirvalda á málefnum Klasa og Sveips kom í ljós að Sveipur hafði gert samstarfssamninga við einstaka apótekara sem hlut eiga í Sveip. Í forsendum fyrir ákvörðun nr. 17/1995 komst Samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að ýmis ákvæði samninganna væru ekki ásættanleg frá samkeppnislegu sjónarmiði og augljóst væri að samningarnir væru til þess fallnir að skaða samkeppni á þeim markaði sem um ræðir, fækka valkostum neytenda og útiloka keppinauta frá markaði, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Því næst sagði orðrétt: „*Að sögn forsvarsmanna Klasa og Sveips hafa samstarfssamningarnir ekkert gildi þar sem á þá hafi aldrei reynt og þeir hafi ekki verið framkvæmdir. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem hrekur þessa fullyrðingu. Verður því að leggja til grundvallar að hún sé rétt. Jafnframt hefur því verið lýst að samningarnir hafi verið felldir úr gildi. Samkeppnisráð leggur hins vegar áherslu á að ákvæði samninganna fóru í bága við samkeppnislög og komi vilji samningsaðilanna með einhverjum hætti til framkvæmda munu samkeppnisyfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana hvað þennan þátt varðar.*“

## II.

### Niðurstöður

#### 1.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu, að sú skylda hvíli á samkeppnisyfirvöldum, að rannsaka beri öll mál sem sambærileg geta talist því máli sem hér er til umfjöllunar, áður en efnisákvörðun er tekin. Svo ríkar kröfur myndu draga mjög úr skilvirkni og eru að auki ekki í samræmi við tilganginn að baki jafnræðisreglu 11. gr.

stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í jafnræðisreglunni felst að þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun á tilteknum sjónarmiðum ber almennt að leysa úr nýju sambærilegu máli á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslu og í eldri málum. Engin skylda hvílir hins vegar á stjórnvaldinu að rannsaka öll hugsanleg sambærileg mál í einni svipan. Þá er ekki talin ástæða til að gefa Klasa og apótekunum kost á að tjá sig sérstaklega um þessa afstöðu samkeppnisyfirvalda, enda byggist ósk Klasa og apótekanna þar um ekki á neinum lagarökum.

## 2.

Hvað varðar síðari málsástæðu Klasa og apótekanna, sem byggist á 13. gr. samkeppnislaga, er ljóst að samkvæmt orðanna hljóðan í 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga eru það samkeppnisyfirvöld sem leggja mat á hvort minniháttarregla ákvæðisins eigi við, sbr. orðalagið: „*Þrátt fyrir ákvæði 10., 11. og 12. gr. geta fyrirtæki gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati Samkeppnisráðs (undirstrikun samkeppnisyfirvalda) aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða*“. Það styrkir þennan skilning enn frekar að fyrirtæki eiga samkvæmt 2. mgr. 13. gr. kost á að fá skýra afstöðu Samkeppnis-stofnunar til þess hvort samningar eða samvinna þeirra falli undir ákvæði 1. mgr. með því að senda tilkynningu þar að lútandi til Samkeppnisstofnunar.

Í lögskýringargögnum er einnig að finna vísbendingar um að beiting minniháttarreglu 13. gr. sé alfarið háð mati Samkeppnisráðs. Þannig segir í almennum athugasemdum í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar (348. nefndarálit–116. löggjafarþing): „*Nefndin vill sérstaklega taka fram eftirfarandi atriði sem talið var rétt að birta í áli þessu: ...Hins vegar var rætt um hvort takmarka ætti svokallaða minniháttarreglu í 1. mgr. 13. gr. við ákveðna markaðshlutdeild eða hlutfall af heildarveltu fyrirtækis. Er það vandkvæðum bundið að svo stöddu en nefndin telur þó eðlilegt að væntanlegt Samkeppnisráð setji sér reglur um tiltekin mörk, t.d. gætu þau að hámarki verið 15%.*“

## 3.

Þegar lagt er mat á hvort minniháttarregla 1. mgr. 13. gr. eigi við um samninga eða samvinnu fyrirtækja þarf að byrja á að skilgreina markaðinn, jafnt vörumarkað sem landfræðilegan markað. Þegar vörumarkaðurinn er skilgreindur þarf að meta hvort markaðurinn sem um ræðir teljist vörur sem nær eingöngu eru seldar í apótekum vegna sérstöðu apóteka hvað varðar þjónustu og sérfræðilega ráðgjöf eða vörur sem einnig eru seldar í stórmörkuðum og ekki þurfa sérstaka meðhöndlun umfram aðrar

staðgönguvörur þar. Niðurstaða samkeppnisyfirvalda er sú að þrátt fyrir að þær vörur sem sumartilboð apótekanna tekur til séu úr vöruflokkum sem einnig eru boðnar til kaups í stórmörkuðum eigi þær sammerkt að vera boðnar til kaups í apótekum undir þeim formerkjum að þar sé unnt að leita „þjónustu og ráðgjafar fagfólks“ svo vitnað sé til forsíðu kynningarritsins „Apóteksins“. Skilaboðin til hins almenna neytenda eru þau að nauðsyn sé á sérfræðilegri ráðgjöf og þjónustu við kaup á umræddum vörum, en slík þjónusta og ráðgjöf er ekki til staðar í stórmörkuðum svo dæmi sé tekið.

Landfræðilegi markaðurinn telst vera íslenski markaðurinn í heild sinni, enda eru apótek staðsett víðast hvar í þéttbýliskjörnum landsins.

Það er mat Samkeppnisráðs að minniháttarregla 1. mgr. 13. gr. eigi ekki við um samræmt afsláttartilboð Klasa og apóteka, sem birtist í kynningarritinu „Apótekinu“. Sú takmörkun á samkeppni, sem leiðir af samráði nær allra fyrirtækja á þeim markaði sem máli skiptir, telst ekki hafa lítil áhrif á þann markað. Með hliðsjón af sérstöðu apótekanna hvað varðar þjónustu og sérfræðilega ráðgjöf skoðast þau sem sérstakur markaður fyrir þær vörur sem „sumarafsláttur“ apótekanna nær til. Því er heldur ekki um að ræða samvinnu milli lítilla fyrirtækja sem styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein. Þvert á móti ná, viðhalda eða styrkja, Klasa og einstök apótek, markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir, sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í þessu samhengi verður ekki litið fram hjá að apótek starfa í skjóli opinbers einkaleyfis til starfsemi. Meginhluta af veltu apóteka má rekja til sölu lyfja í skjóli þessa einkaleyfis. Efnahagslegur styrkleiki og afl apótekanna til að stunda sölu á sérvörum er því mikill.

#### 4.

Samkvæmt skýlausum ákvæðum samkeppnislaga er hvers kyns verðsamráð bannað. Á það jafnt við um samninga milli fyrirtækja á sama sölustigi (10. gr. samkeppnislaga) og samninga milli fyrirtækja sem eru hvort á sínu sölustigi (11. gr.). Með verðsamráði er ekki eingöngu átt við samráð um verðið sjálft heldur einnig afslátt og álagningu. Bannið nær í báðum tilvikum einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslátt eða álagningu.

Með útgáfu kynningarritsins „Apóteksins“, þar sem neytendum er boðinn samræmdur 20% afsláttur, sýnast Klasa annars vegar og einstök apótek sem hlut eiga í fyrirtækinu hins vegar, hafa gerst brotleg við bannákvæði IV. kafla samkeppnislaga. Við slíkum

brotum getur Samkeppnisráð m.a. brugðist með því að beita stjórnvaldssektum, sbr. 52. gr. samkeppnislaga.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar virðist sem vilji þeirra sem stóðu að samstarfssamningum þeim sem lýst er í kafla I. 9 hér að framan vera að koma til framkvæmda. Í 5. gr. nefndra samninga sagði orðrétt: „*Kaupandi* (apótekari, innskot Samkeppnisráðs) *skuldbindur sig til að taka þátt í sameiginlegu söluátaki, sem seljandi* (Sveipur, innskot Samkeppnisráðs) *gengst fyrir til kynningar á umræddum vörum með það að markmiði að auka markaðshlutdeild þeirra í viðkomandi vöruflokkum*“.

Í þessu sambandi skal bent á að forsvarsmenn Klasa virðast vera hvatamenn þess að farið var af stað með margnefnt sumartilboð. Af gögnum málsins má ráða að ekki hafi verið haft samráð við einstök apótek, sem jafnframt eru hluthafar, sbr. bréf Patreks Apóteks til Samkeppnisstofnunar, dags. 22. júní sl. og bréf Borgarness Apóteks til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. júní sl., áður en kynningarritinu „*Apótekinu*“ var dreift.

## 5.

Eins og fyrr greinir hefur Samkeppnisráð heimildir til að bregðast við brotum á bannákvæðum samkeppnislaga með því að leggja á stjórnvaldssektir. Samkvæmt lokamálslið 1. gr. 52. gr. samkeppnislaga skal við ákvörðun sekta hafa hliðsjón af *eðli* og *umfangi* samkeppnishamlna og *hvað þær hafa staðið lengi*. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. skal tekið tillit til þess *skaða* sem samkeppnishömlur hafa valdið og þess *ávinninga* sem þær hafa haft í för með sér. Sektir geta numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna, en þó allt að 10% af veltu síðasta almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á.

Brot Klasa og hlutaðeigandi apóteka er í *eðli* sínu alvarlegt. Brotið er gegn grundvallarreglu 11. gr. samkeppnislaganna (lóðrétt verð-samráð). Einnig má færa fyrir því rök að með því að taka sig saman um að ákveða afsláttarkjör undir merkjum Klasa séu apótekin einnig brotleg við 10. gr. samkeppnislaga (lárétt verðsamráð).

Samkeppnishömlurnar eru miklar að *umfangi* sé litið til þess fjölda apóteka sem eru þátttakendur. Á lista þeim sem fylgdi bréfi Klasa eru 35 apótek tilgreind.

Samkeppnishömlurnar hafa *ekki staðið lengi*. Kynningarritinu „*Apótekinu*“ var dreift í hús dagana 8.–10. júní og tilboðið gildi út júlí 1995.



Liggur því næst fyrir að meta þann *ávinning* sem samkeppnishömlurnar hafa haft í för með sér. [...]¹

## 6.

Með hliðsjón af því hve sumartilboð apótekanna stóð stutt og tiltölulega óverulegum ávinningi Klasa af hinu ólögmeta athæfi er það mat Samkeppnisráðs að ekki sé alveg fullnægjandi ástæða til að grípa til stjórnvaldssekta.

Samkeppnisráð leggur hins vegar áherslu á að með háttsemi sinni hafi Klasi og einstök apótek sem eru hluthafar í Klasa brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Í því sambandi lítur Samkeppnisráð á forsvarsmenn Klasa sem hvatamenn að verknaðinum og telur að í einhverjum tilvikum hafi smærri apótek á landsbyggðinni verið allt að því þvinguð til þátttöku.

## III.

### Ákvörðunarorð:

**„Með útgáfu kynningarritsins „Apóteksins“, þar sem neytendum er boðinn samræmdur 20% afsláttur af nánar tilgreindum vörum, hafa Klasi hf. annars vegar og einstök apótek sem hlut eiga í fyrirtækinu hins vegar, gerst brotleg við bannákvæði IV. kafla samkeppnislaga. Minniháttarregla 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga á ekki við um málsatvik. Eins og á stendur er hins vegar ekki fullnægjandi ástæða til að beita stjórnvaldssektum.**

**Sumartilboði því sem hér er til umfjöllunar er lokið. Klasa hf. og einstökum hluthöfum þess er óheimilt samkvæmt skýrum ákvæðum samkeppnislaga að endurtaka samstilltar aðgerðir sem fara í bága við IV. kafla samkeppnislaga. Jafnframt ber Klasa hf. að forðast að hafast nokkuð það að sem túlka má sem misbeitingu á markaðsráðandi stöðu sinni.“**

---

¹ Fellt út vegna trúnaðar.